

# Listmálarafélagið

## Myndlist

Eiríkur Þorláksson

Í Vestursal Kjarvalsstaða stendur nú yfir árleg samsýning Listmálarafélagsins. Þeir félagar sýndu síðast saman í júní á síðasta ári, svo segja má að þeir séu iðnir við kolann. Nú eru fleiri með á sýningunni en í fyrra, og hún fjölbreyttari fyrir vikið.

Á veggjunum eru tvö til fimm listaverk eftir hvern eftirtalinnna listamanna: Björn Birnir, Braga Ásgeirsson, Einar G. Baldvinsson, Elías B. Halldórsson, Guðmundu Andrésdóttur, Gunnlaug St. Gíslason, Hafstein Austmann, Jóhannes Jóhannesson, Jóhannes Geir Jónsson, Pétur Má Pétursson og Sigurð Sigurðsson.

Á sýningum Listmálarafélagsins fá listunendur tækifæri til að heilsa upp á gamla kunningja, ef svo má segja. Listamennirnir hafa allir verið að störfum um langt skeið, og breytingar í þeirra myndmáli felast í jafnri og stöðugri þróun fremur en stökkbreytingum. Myndlist þeirra er ólík innbyrðis, og samsýningarformið er þeim því handhægt, þar sem hver listamaður heldur sínu sjálfstæði. Hins vegar er spurning hvort tvær til þrjár myndir sé ekki of lítið til að gefa einhverja mynd af hverjum listamanni.

Gunnlaugur sýnir hér fjórar vatnslitamyndir, þar sem vald hans á miðlinum kemur vel fram, þó myndirnar séu ekki átakamiklar; „Skúrleiðingar (nr. 1) minnir skemmtilega á skjámyndanir ýmissa eldri meistara. Verk Guðmundu Andrésdóttur eru björt og leikandi sem fyrr, og Pétur Már bregður fyrir sig leikandi pensilskrift í fletinum, einkum í „Undirstrikuð“ (nr. 10).

Hafsteinn Austmann vinnur stöðugt út frá svörtum ramma í fletinum, en áferð og sterk litatöku gefur myndunum nú ferskari svip en oft áður, t.d. í „Vetur“ (nr. 12). Stórar myndir Elías-

ar B. Halldórssonar virka hins vegar flatar og daufar hér, og myndir Einars G. Baldvinssonar eru viðfangsefni fjórða áratugarins, án þess að bæta nokkru við.

Bragi sýnir hér fimm málverk á endavegg, gegnt verkum Einars Þorlákssonar, og mynda þær litríka andstæðu sín á milli; í „Ljósbrott“ (nr. 21) vinnur listamaðurinn skemmtilega út frá eðli litarins, og svipað má segja um „Árstíðaskipti“ (nr. 24) þar sem litaspjald árstíðanna dreifist frá miðjunni.

Jóhannes Geir sýnir hér landslagsmyndir með nokkuð sérkennilegu litaspjaldi, sem passar misvel við myndefnið. „Nesjavellir“ (nr. 27) kemur hins vegar vel fyrir. Jóhannes Jóhannesson hefur um nokkurt skeið unnuð út frá svipuðum formum, sem vinna vel saman þar sem litir og myndbygging ganga upp, eins

og t.d. í „Upprisa“ (nr. 29). Björn Birnir og Sigurður Sigurðsson eru á kunnuglegum slóðum í sínum verkum, og bestu verk Sigurðar hér voru einnig á sýningu hans í FÍM-salnum á síðasta ári.

Á þessu sinni skipa verk Einars Þorlákssonar öndvegi á sýningunni. Hann sýnir hér átta verk. Einar notar bjarta liti og ljósa myndskipan í verkum sínum; hins vegar hefur hann valið að sýna hér að mestu nokkurra ára gömul verk, en aðeins eitt nýtt. Það hefði verið skemmtilegra að fá meira af því nýjasta sem listamaðurinn er að fást við, því „Skapraun“ (nr. 42) er skýrt markað og vel framsett verk.

Þar sem heildarsvipur samsýninga Listmálarafélagsins er orðinn mjög kunnuglegur, væri athugandi fyrir þá féлага að velta fyrir sér nýjum formum á sýningarhaldi. Sú staðreynd, að



Bragi Ásgeirsson og Einar Þorláksson.

meirihluti þeirra sem hér sýna hefur haldið einkasýningar á síðustu tólf mánuðum, dregur úr gildi sýningarinnar fyrir þorra gesta; þeir hafa haft betri tækifæri til að kynna vinnu þeirra á öðrum vettvangi. Eitt ráð væri að gera hlut þess sem hlýtur

öndvegissætið hverju sinni enn meira en nú er, og gera þannig hverja sýningu að sértækara til efni en ella fyrir listamenn og listunendur.

Sýningu Listmálarafélagsins á Kjarvalsstöðum lýkur sunnudaginn 21. apríl.

## Elías B. Halldórsson

Nú stendur yfir í Listhúsinu Vesturgötu 17 sýning á verkum Elíasar B. Halldórssonar, en þar er um að ræða rúmlega tuttugu olíumálverk og tíu grafíkmyndir. Samtímis á Elías tvær myndir á samsýningu Listmálarafélagsins á Kjarvalsstöðum, þannig að segja má að hann komi víða við um þessar mundir.


Elías vinnur sín málverk að mestu á óhlutbundinn hátt, þó í einstaka verki hér sé einnig tilvísanir til hlutveruleikans. Mest eru þetta nýjar myndir, sem í heild sinni gefa gott yfirlit yfir viðfangsefni listamannsins. Flestar olíumyndanna ganga út frá ákveðnum lit, og vinna síðan með hann í gegnum fjórugt samspil litatóna og forma, þar sem gróf pensilskrift einkennir áferðina og stjórna heildarmyndinni.

Þeir litir sem Elías vinnur mest með eru frumlitirnir, blátt,

gult og rautt. Í hverri mynd ríkir einn litur, og listamaðurinn vinnur út frá möguleikum hans, þannig að flöturinn vitnar að lokum um samvinnu litanna frekar en átök milli þeirra. Þannig næst gott samspil í bláum litum í verkum eins og „Undir blábjörgum“ (nr. 16) og „Blístrað í logninu“ (nr. 21), en heitir gulir litir ráða ríkjum í „Stormgeigur“ (nr. 13) og „Skædagull“ (nr. 3).

Listamaðurinn nær jafnvægi við þessi óhlutbundnu málverk með því að vinna einnig grafíkmyndir, þar sem sagnaminni og furðuveraldir ríkja. Grafíkverkin sem Elías sýnir hér eru allt tréristur, unnar í krossvið, í mjög einföldum og grófum dráttum, þannig að áferð viðarins gegnir ákveðnu hlutverki í myndunum sjálfum.

Sú veröld sem hér birtist er gjörólík þeim leiftrandi heimi birtu og lita sem olíumálverkin



Elías B. Halldórsson: „Upp, upp mín sál trérista, 1991.“

fjalla um. Hér eru það undirdjúpin sem birtast áhorfendum, og þar ríkja furðuskepnur sem

minna á þann mikla meistara vífiskvalanna, Hieronymus Bosch. Kentárar á fyllirri og vængjaðar mannverur gefa þeim annarlegan svip, og gróf vinnsla myndanna gerir þær sterkari en ella.

En það þarf ekki flókinn myndheim til að þessar tréristur skili árangri. „Tunglgeigur“ (nr. 27) er sterk mynd í einfaldleik sínum, og „Upp, upp mín sál“ (nr. 30) er skemmtileg stofusýn úr lífi hversdagsins (sjálfsmynd?).

Þessi sýning Elíasar B. Halldórssonar í Listhúsinu við Vesturgötu er létt og skemmtilegt innlegg í sýningarflóru vorsins. Olíumálverkin eru fjörug og sterk í sínum litaleik, og grafikin sömuleiðis, þó hún sé gjörólík málverkunum í allri uppbyggingu og viðfangsefnum; en það er jú einmitt tilbreytingin sem á einn stærsta þáttinn í að halda lífinu í allri myndlist.

Sýningunni lýkur sunnudaginn 21. apríl.



Svarar Gestis afhendir verðlaunin á Íslandsmeistaramóti í Svarta-Péttri 1991.

## Átta ára Íslandsmeistari í Svarta-Péttri

ÍSLANDSMÓT í Svarta-Péttri var haldið á Sólheimum í Grímsnesi 1. apríl sl.

Mótið var opið öllum ungum sem öldnum sem áhuga hafa á þessari alþjóðlegu spilaþrótt. Katla Þorleifsdóttir átta ára grunnskólanemi bar sigurorð af öðrum þátttakendum og hreppti titilinn Íslandsmeistari í Svarta-Péttri 1991. Meðal þátttakenda, sem voru alls 55 og komu víða

að, voru Sigurður Ragnar Kristjánsson og Astráður Þór Proppé, fyrrverandi meistara í þessari grein.

Heimilið vill koma á framfæri sérstöku þakkæti til eftirtalinnna fyrirtækja fyrir að gefa þær veitingar og aukaverðlaun sem veitt voru á mótinu: Nón-Sírus, Skífan hf., Heildverslun Ásbjörns Ólafssonar, Kárabakarí, Sanitas hf. og Meistarinn hf.

(Fréttatilkynning)

## Dönsk kammertónlist

### Tónlist

Jón Ásgeirsson

Blásarakvintett Reykjavíkur kom fram á Dönskum vordögum sl. mánudag en megináherslan á þessum tónleikum var dönsk kammertónlist. Tónleikarnir hófust á syru íslenskra laga sem Páll P. Pálsson hefur útfært fyrir blásarakvintett og studdist hann að mestu við eldri kórútfærslur laganna. Útfærsla Páls var smekklega unnin og trú upprunagerð laganna.

Annad verkið á efnisskránni var kvintett í F-dúr eftir Peter Rasmussen (1838-1913), en verk hans eru nær óþekkt og hans hvergi getið í bókum. Kvintettinn er í fjórum þáttum, vel saminn, rómantískur og minnti stundum á Mendelssohn. Glæðvært yfirbragð verksins kom einkar skemmtilega fram í tveimur seinni köflunum, sem að formi til eru einkaror „skersó“ og „rondó“ en A-kaflinn í „rondóinu“ var fjórleg fúguframsaga. Flutningur félaganna í blásarakvintettinum var mjög góður.

Sama má segja um flutninginn á „Walden“ kvintettinum, eftir Hans Abrahamsen (1952). Verkið er í fjórum þáttum og byggir á

náttúruhyggju, sem kennd er við bandaríska skáldið Henry David Thoreau (1817-1862) auk þess að vera, hvað stíl snertir, unnið samkvæmt „nýja einfaldleikanum“ sem er eins konar mótvægi við „móðernismann“ og fellir saman í eina heild nútímalega og hefðbundna hljóma, tónferli og formskipan tónhugmynda. Þá er og mikilvægt að tálkun hefur meira vægi en í „strúktúrverkum“ síðari ára og er þessi stefna að nokkru rakin til Ligeti, sem sagður er að hafi „endurnýjað nútímatónlist með því að gæða hana gleymdum galdri og það á síðustu stundu“. Það er sterk náttúrustemming í kvintett Abrahamsen, bergmál, kyrró, sem er snögglega rofin af margvíslegum hljóðum, niður og mistur og að endingu maðurinn syngandi í skóginum sem iðar af lífsfögnuði. Þetta fallega verk var mjög vel flutt og voru þessar stemningarnar snildarlega útfærðar af félagunum í Blásarakvintett Reykjavíkur.

Síðasta verk tónleikanna var sextett fyrir píanó og blásara eftir Hermann Koppel (1908). Píanóleikari var Peter Westenholz. Verkið er samið 1942 og mjög undir áhrifum af Stravinskí án þess þó að vera bein stæling. Það er mjög vel samið og var á köflum

vel flutt þó síðasti þátturinn, sem er glæðvæ og í Allegro hraða, hafi verið um of glannalega leikinn og að leggja mætti meiri áherslu á kyrró „pastorale“ kaflans, sem er sérlega falleg tónlist.

Þetta voru skemmtilegir tónleikar. Öll dönsku verkin eru ágætlega saminn og spanna 100 ára tímabil í tónlistarsögu Danmerkur. Kvintettinn eftir Rasmussen er samin 1896, Sextett Koppels 1942 og náttúrustemmingarnar eftir Abrahamsen 1978. Að því leyti voru þetta fróðlegir tónleikar og það sem mest er um vert, að hér er bæði um að ræða góða tónlist og að flutningurinn var afburða góður.



Fer inn á lang flest heimili landsins!  
Morgunblaðið